



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Stöðumat á innleiðingu á aðgerðaáætlun gegn sárafatækt barna og fjölskyldna þeirra sem samþykkt var 2020 og samantekt á þeim gögnum sem til eru um fatækt og sérstaklega um fatækt barna í Reykjavík*

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 6. desember 2024 var lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins um mótun stefnu um að útrýma fatækt.

Velferðarráð samþykkti svohljóðandi breytingartillögu:

Velferðarráð óskar eftir að fá stöðumat á innleiðingu á aðgerðaáætlun gegn sárafatækt sem samþykkt var 2020 og samantekt á þeim gögnum sem til eru um fatækt í Reykjavík. Sérstaklega óskar ráðið upplýsinga hvað varðar fatækt barna sem á aldrei að líðast.

Greinargerð:

Aðgerðaáætlun stýrihóps velferðarsviðs um aðgerðir gegn sárafatækt barna og fjölskyldna þeirra var lögð fram til kynningar á fundi velferðarráðs þann 21. október 2020. Í aðgerðaáætluninni eru fimm tillögur og 15 aðgerðir með 15 mælikvörðum. Stöðumat á aðgerðaáætluninni var lagt fyrir velferðarráð 19. janúar 2022 og 30. ágúst 2023.

Aðgerðir.

Staða aðgerða/tillagna í ágúst 2023 var eftirfarandi:

- 5 tillögum var lokið
- 10 aðgerðum var lokið/viðvarandi
- fjórar aðgerðir voru komnar í ferli
- ein aðgerð var ekki hafin

Staða aðgerða/tillagna í janúar 2025 er eftirfarandi:

- 5 tillögum lokið
- 14 aðgerðum er lokið/viðvarandi
- ein aðgerð er í ferli



Sú aðgerð sem er í ferli lítur að NEET- hópnum þ.e.a.s. ungmenni á aldrinum 16 - 29 ára sem eru ekki í námi, starfi eða þjálfun. Aðgerðin kveður á um að lagðar verði fram kostnaðarmetnar tillögur með hvaða hætti hægt sé að koma á móts við hópinn.

Einstaklingar á aldrinum 18 - 25 ára fá forgang að þjónustu á miðstöðvum, sérstök áhersla er lögð á að veita ráðgjöf, stuðning og eftirfylgd auk þess sem mikil samvinna á er milli stofnana sem koma að þjónustu svo sem Vinnuálastofnunar, Virk, framhaldsskólanna, lögreglu, Geðheilsustöðva o.fl. aðila. Ýmsir hópar og samstarfsverkefni eru í gangi til að rýna þarfir þessa hóps. Þar má til dæmis nefna aðgerðahóp um víðtækar aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins, og á Reykjavíkurborg tvo fulltrúa í þeim aðgerðarhópi. Ein aðgerð þessa hóps snýr að því að kortleggja fjölda stöðu ungmenna á aldrinum 16 - 17 ára sem eru hvorki í námi né vinnu ásamt því að kortleggja þær hindranir sem mæta ungmennum í kerfinu og gera tillögur að úrbótum. Einnig er starfandi vinnuhópur þvert á miðstöðvar ásamt Barnavernd Reykjavíkur, Hinu Húsinu, skóla- og frístundasviði og menningar og íþróttasviði og fleiri aðilum. Markmið hópsins er að gera drög að verklagi fyrir samvinnu skólastiga þ.m.t. brottfalli úr framhaldskólum.

Mælikvarðar.

Staða mælikvarða í ágúst 2023 var eftirfarandi:

- 5 mælikvarðar eru á eða yfir settum viðmiðum.
- 7 mælikvarðar eru undir settum viðmiðum.
- 1 mælikvarði liggur ekki fyrir.
- 2 mælikvarðar hafa verið umorðaðir.

Staða aðgerða/tillagna í janúar 2025 er eftirfarandi:

- 9 mælikvarðar eru á eða yfir settum viðmiðum
- 6 mælikvarðar eru undir settum viðmiðum

Talið er að meginástæða þess að þeir mælikvarðar eru undir settum viðmiðum megi rekja til fjölgunar einstaklinga með erlent ríkisfang sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu (sjá töflu 1). Viðmiðin voru því sett áður en fjölgaði í hópi flóttafólks og taka verður mið af því. Á árinu 2021 fengu 960 einstaklingar með erlent ríkisfang fjárhagsaðstoð til framfærslu en voru alls 2003 árið 2022. Notendum með erlent ríkisfang fjölgaði um 22% á milli árána 2021 til 2022. Árið 2021 voru þeir 38% af heildarfjölda en 60% 2022 og hefur það hlutfall haldist nær óbreytt síðan. Úrræði bæði ríkis og sveitarfélaga hafa því ekki náð að mæta þörfum þessa hóps m.a. hvað varðar viðeigandi námsleiðir fyrir þann hóp sem er tilbúinn til að hefja framhaldsskólanám, sköpun atvinnutækifæra og stuðnings þar að lútandi. Skort hefur heilbrigðisþjónustu og endurhæfingu fyrir þá sem eru óvinnufærir en það á einnig við um einstaklinga með íslenskt ríkisfang. Starfsfólk velferðarsviðs hefur verið mjög meðvitað um að komið sé til móts við breyttan notendahóp, hefur til dæmis þátttakendum af erlendum uppruna í Tinnu fjölgað verulega og eru nú 36% af þátttakendum.

Í töflu 2 má sjá hlutfall einstaklinga sem luku átaksverkefnum á vegum velferðarsviðs árið 2024 skipt eftir ríkisfangi. Mikilvægt er að halda áfram að þróa þjónustu velferðarsviðs með þarfir einstaklinga og fjölskyldna af erlendum uppruna í huga og samvinnu við aðra stofnanir sem koma að þjónustu við þennan hóp.



Tafla 1: Fjárhagsaðstoð til framfærslu frá árinu 2020 til 2024 skipt eftir ríkisfangi

	2020	2021	2022	2023	2024
Erlent ríkisfang	967	960	2.003	2.024	1.796
Íslenskt ríkisfang	1.572	1.473	1.349	1.236	1.163
Samtals	2.539	2.433	3.352	3.260	2.959
Hlf. erl.ríkisfang	38%	39%	60%	62%	61%

Tafla 2. Hlutfall einstaklinga sem luku átaksverkefnum á vegum velferðasviðs árið 2024

	AVM	Grettistak	IPS	TINNA	Samtals
Erlent	50%	3%	50%	15%	41%
Íslenskt	50%	97%	50%	85%	59%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

Hér á eftir verður fari nánar í skýringu á þeim mælikvörðum sem mælast undir settum viðmiðunum.

Mælikvarði: Að hlutfall einstaklinga á aldrinum 18-24 ára sem fá námsaðstoð verði 30%. Í dag er hlutfallið 22%.

- **Skýring:** Í töflu 3 hér að neðan má sjá fjölda ungmenna á aldrinum 18 -24 ára sem fá námsaðstoð skipt eftir ríkisfangi. Hlutfall einstaklinga með erlent ríkisfang af þeim sem fá námsaðstoð er 75%. Hlutfall vinnufærra ungmenna á aldrinum 18 – 24 ára sem fá greidda fjárhagsaðstoð og eru með erlent ríkisfang er 58 % en 42% með íslenskt ríkisfang. Töflur 4 - 6 sýnar annars vegar að nær öll vinnufær ungmenni með erlent ríkisfang sem eru með framfærslu eru vinnufær eða 99.9%. Hins vegar er hlutfall vinnufærra ungmenna með framfærslu og íslenskt ríkisfang einungis 52%, mun fleiri ungmenni með íslenskt ríkisfang eru metin óvinnufær eða 48% Erfiðara reynist að finna námsleiðir sem henta fyrir ungmenni með erlent ríkisfang auk þess sem hluti hópsins er ekki tilbúinn til að hefja framhaldsskólanám, má þar sér í lagi nefna ungmenni sem koma hingað til landsins sem flóttafólk en þau eru u.þ.b. helmingur af hópnum með erlent ríkisfang. Verið er að rýna hóp vinnufærra ungmenna með íslenskt ríkisfang sem eru með framfærslu og vonast er til að fá betri mynd af þörfum þeirra fyrir stuðning til virkni, náms eða atvinnu.

Tafla 3: Fjöldi 18-24 ára notenda með fjárhagsaðstoð vegna náms, skipt eftir ríkisfangi, nóvember 2024

Ríkisfang	Fjöldi	%
Erlent	40	75%
Íslenskt	13	25%
Samtals	53	100%

Tafla 4: Fjöldi 18-24 ára notenda með fjárhagsaðstoð, nóvember 2024

Ríkisfang	Fjöldi	%
Erlent	139	58%
Íslenskt	99	42%
Samtals	238	100%



Tafla 5: Fjöldi 18-24 ára notenda með fjárhagsaðstoð, erlent ríkisfang skipt eftir vinnufærni, nóvember 2024

Erlent ríkisfang	Fjöldi	%
Óvinnufær	1	0,7%
Vinnufær	138	99,3%
Samtals	139	100,0%

Tafla 6: Fjöldi 18-24 ára notenda með fjárhagsaðstoð, íslenskt ríkisfang skipt eftir vinnufærni, nóvember 2024

Íslenskt ríkisfang	Fjöldi	%
Óvinnufær	48	48%
Vinnufær	51	52%
Samtals	99	100,0%

Mælikvarði: Að hlutfall foreldra sem þurfa fjárhagsaðstoð til framfærslu í meira en sex mánuði samfelld lækki í 50%. Í dag er hlutfallið er 63%.

- **Skýring:** Í nóvember 2024 var fjöldi foreldra sem höfðu fengið greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu í meira en 6 mánuði alls 134, þar af voru 101 með erlent ríkisfang eða rúmlega 73% af heildarfjölda foreldra með fjárhagsaðstoð til framfærslu 6 mánuði eða lengur (sjá töflu 7). Ljóst er að ekki hefur náðst að mæta þessum aukna fjölda foreldra með erlent ríkisfang og sér í lagi flóttafólki sem eru u.þ.b. 60% af hópnum sem er með erlent ríkisfang. Vert er að nefna að Vinnumálastofnun veitir flóttafólki aðstoð við atvinnuleit en 88% af foreldrum með erlent ríkisfang sem fá greidda fjárhagsaðstoð eru vinnufær (sjá töflu 8) og því stór hluti af þessum hópi í þjónustu hjá Vinnumálastofnun. Erfiðar hefur reynst að aðstoða einstaklinga með erlent ríkisfang út á vinnumarkaðinn, einnig hefur vantað upp á heilbrigðisþjónusta og endurhæfingu fyrir þá sem eru óvinnufærir og á það við um bæði einstaklinga með íslenskt og erlent ríkisfang. Vonir eru bundnar við að með breytingum á örorkulífeyriskerfinu sem taka gildi 1. september n.k. muni möguleikar um betri heilbrigðisþjónustu og endurhæfingu aukast fyrir þennan hóp sem er óvinnufær.

Tafla 7: Fjöldi foreldra með fjárhagsaðstoð, skipt eftir ríkisfangi, nóvember 2024

Ríkisfang	6 mán eða meira samfleytt
Erlent ríkisfang	101
Íslenskt ríkisfang	33
Samtals	134



Tafla 8: Fjöldi foreldra með fjárhagsaðstoð og erlent ríkisfang, skipt eftir vinnufærni, nóvember 2024

Erlent ríkisfang	6 mán eða meira samfleytt
Óvinnufær	12
Annað	89
Samtals	101
Hlf óvinnufær	12%
Hlf. vinnufær	88%

Tafla 9: Fjöldi foreldra með fjárhagsaðstoð og íslenskt ríkisfang, skipt eftir vinnufærni, nóvember 2024

Íslenskt ríkisfang	6 mán eða meira samfleytt
Óvinnufær	19
Annað	14
Samtals	33
Hlf óvinnufær	58%
Hlf. vinnufær	42%

Mælikvarði: Að hlutfall foreldra sem nýta þjónustugreiðslur fyrir börn verði 70%. Staðan í dag er 33%.

- **Skýring:** Hlutfall foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu og nýta þjónustugreiðslur fyrir börn hefur lækkað umtalsvert og er nú 33% en var 41,6% 2023. Talið er að meginástæðan fyrir lækkun milli ára sé að frá hausti 2024 urðu skólamáltíðir í grunnskólum gjaldfrjálsar. Reglulega er farið yfir lista foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til að tryggja upplýsingagjöf um þann stuðning sem þeim býðst á grundvelli reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Talið er að eftirfylgd á nýtingu þjónustugreiðsla sé því komin í viðvarandi ferli.

Mælikvarði: Að hlutfall foreldra sem fara í vinnu eða nám að loknum átaksverkefnum verði 80%. Árið 2024 tóku alls 58 foreldrar þátt í átaksverkefnum á vegum velferðarsviðs, þar af fóru 27 foreldrar í vinnu eða nám að loknu átaksverkefninu eða 47% af heildarhópi foreldra sem tóku þátt.

- **Skýring:** Í töflu 10 hér að neðan má sjá að töluverður munur er á hlutfallstölum foreldra í átaksverkefnum sem fara í nám og vinnu eftir átaksverkefni, en átaksverkefnin eru ólík er varð lengd þeirra og stuðning við þátttakendur. Eins og áður hefur komið fram eru 73% af foreldrum sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu með erlent ríkisfang og hefur reynst erfiðar að mæta þessum hóp foreldra í átaksverkefnum m.a. út frá tungumálakunnáttu. Starfsfólk og stjórnendur eru mjög meðvitaðir um mikilvægi þess að koma til móts við þarfir hópsins. Talið er að 80% viðmið sé því óraunhæft eins og staðan er í dag.



Tafla 10: Fjöldi þátttakenda í átaksúrræðum Virkniús sem fór í nám eða vinnu eftir þjónustulok árið 2024

Foreldrar	Annað	Nám eða vinna	Grand Total	Hlf sem fer í vinnu við útskrift	
Grettistak		1	2	3	67%
IPS			7	7	100%
TINNA		12	7	19	37%
AVM		18	11	29	38%
Grand Total		31	27	58	47%

Mælikvarði: Að hlutfall foreldra sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu í sex mánuði eða lengur og tekur þátt í átaksverkefnum velferðarsviðs verði 45%. Alls fengu 260 foreldrar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu í 6 mánuði eða lengur á árinu 2023, þar af voru 36 skráðir í átaksverkefni á vegum velferðarsviðs eða 14% af heildarhópi foreldra með fjárhagsaðstoð sex mánuði eða lengur

- **Skýring:** Vísað er til skýringar á mælikvarðanum hér á undan er snýr að hlutfalli foreldra sem þurfa fjárhagsaðstoð í meira en 6 mánuði. Ljóst er að ekki hefur náðst að mæta auknum fjölda foreldra með erlent ríkisfang og sér í lagi flóttafólki sem eru u.þ.b. 60% af hópnum sem er með erlent ríkisfang. Atvinnuleysi meðal flóttafólks er hátt en Vinnumálastofnunar veitir flóttafólki aðstoð við atvinnuleit. Þar sem 88% af foreldrum sem eru með erlent ríkisfang og fá greidda fjárhagsaðstoð eru vinnufær (sjá töflu 8) er stór hluti af þessum hópi í þjónustu hjá Vinnumálastofnun en ekki hjá Virkniúsi. Í undirbúningi er frekari greining á stöðu foreldra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu í 6 mánuði eða lengur m.a. með tilliti til þeirra hindrana sem eru að mæta þeim sem og hvort mat á vinnufærni sé raunhæft.

Mælikvarði: Að hlutfall einstaklinga á aldrinum 18-24 ára af notendum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu verði 10%. Staðan í dag er 15,5%.

- **Skýring:** Í töflu 11 hér að neðan má sjá hlutfallstölur yfir notendur með fjárhagsaðstoð á aldrinum 18-24 ára, skipt eftir ríkisfangi og vinnufærni. Ungmennin með framfærslu og erlent ríkisfang er öll vinnufær nema eitt. Óvinnufær ungmenni með framfærslu og íslenskt ríkisfang eru 48 talsins en 38 eru vinnufær. Ljóst er að stærsti hluti óvinnufærra ungmenna eru með íslenskt ríkisfang, en illa hefur gengið að fá viðeigandi heilbrigðisþjónustu og endurhæfingu fyrir þennan aldurshóp. Erfiðara hefur reynst að fá vinnu eða finna námsleiðir sem henta fyrir ungmenni með erlent ríkisfang.

Tafla 11: Fjöldi / hlutfall notendur 18 – 24 ára með fjárhagsaðstoðar til framfærslu í nóv. 2024

	Erlent	Íslenskt
Óvinnufær	1	48
Vinnufær	98	38
Samtals	99	86
	Erlent	Íslenskt
Óvinnufær	1%	56%
Vinnufær	99%	44%
Samtals	100%	100%



Fátækt barna í Reykjavík

Á fundi velferðarráðs þann 24. maí 2023 var lagt fram svar við fyrirspurn velferðarráðs um fjölda fátækra barna sem búa í Reykjavík (fylgiskjal 1).

Í svarinu kom meðal annars fram:

Velferðarsvið býr ekki yfir upplýsingum um heildarfjölda barna sem búa við fátækt í Reykjavík eða um fjölda barna sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum. Samkvæmt málaskrá velferðarsviðs var fjöldi barna þeirra foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu árið 2022 1353 börn. Á tímabilinu janúar og febrúar 2023 var fjöldinn 667 börn. Á biðlista yfir félagslegt leiguhúsnæði voru alls 649 börn í árslok 2022. Skörun kann að vera á milli þessara hópa. Leiða má líkum að því að umrædd börn búi við fátækt sé litið til tekna foreldra.

Á árinu 2024 fengu alls 528 foreldrar með 953 börn fjárhagsaðstoð til framfærslu en árið 2023 var fjöldi þeirra 637 með 1.115 börn (tafla 12). Sjá má að einhleypar mæður eru fjölmennasti hópurinn.

Tafla 12: Fjárhagsaðstoð til framfærslu eftir fjölskyldugerð.

Fjölskyldugerð	Fjárhagsaðstoð til framfærslu 2023		2024	
	Fjöldi notenda	Fjöldi barna	Fjöldi notenda	Fjöldi barna
Einhleypur faðir	33	45	18	21
Einhleyp móðir	335	552	288	477
Hjón/sambýlisfólk með börn	269	518	222	455
Samtals	637	1.115	528	953

Í töflu 13 má sjá þróun barnafjölskyldna á biðlista eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði frá desember 2021.

Tafla 13: Fjöldi barnafjölskyldna á bið eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði og fjölskyldugerð.

Fjölskyldugerð	1.des.21	1.des.22	1.des.23	1.des.24
Einhleypir feður/karlar með börn í umgengni	32	44	25	69
Einhleypar mæður/konur með börn í umgengni	91	140	117	114
Gift/sambúð með börn	22	58	46	44
Samtals	145	242	188	227
<i>Hlutfall barnafjölskyldna af öllum umsækjendum á biðlista</i>	<i>28%</i>	<i>28%</i>	<i>27%</i>	<i>33%</i>

Barnafjölskyldum á biðlista hefur fjölgað um 39 á milli áranna 2023 og 2024.

Í fylgiskjali 3 er samantekt yfir helstu gögn sem til eru um fátækt á Íslandi.

Niðurstaða

Litið er svo á að öllum fimm tillögum sem settar voru í aðgerðaráætlun sé lokið og 14 af þeim 15 aðgerðum sem settar voru fram sé lokið eða þær séu viðvarandi, auk einnar



sem er í ferli. Bent hefur verið á að þau viðmið sem sett voru um árangur eru frá árinu 2019 en frá þeim tíma hafa ýmsar samfélagsbreytingar orðið m.a. með fjölgun flóttafólks.

Lagt er til að eftirfylgd á stöðumati á mælikvörðum verði sett inn í mælaborð og sé hluti af árlegri tölfræði Virkniús eða verði sett inn í reglulegar kannanir á vegum velferðarsviðs (sjá fylgiskjal 1 dálk E).

Rannsóknir á fátækt á Íslandi hafa leitt í ljós ýmsar mikilvægar niðurstöður. M.a. undirstrika þær mikilvægi þess að bregðast við fátækt barna með markvissum aðgerðum, sérstaklega með stuðningi við viðkvæma hópa eins og börn einstæðra foreldra, innflytjenda og öryrkja.

Fylgiskjöl:

1. Staða aðgerðaráætlunar í febrúar 2025.
2. Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fjölda barna sem búa við fátækt í Reykjavík, lagt fram 19. janúar 2023.
3. Samantekt um helstu gögn sem til eru um fátækt á Íslandi.